

Heilbrigðisþjónusta og velferð

Ályktun Haustþings
Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Akranesi

29. október 2025



Heilbrigðisþjónusta

- **Haustþing SSV leggur áherslu á að starfsemi heilsugæslustöðva á Vesturlandi verði eflað þannig að þær geti sinnt starfsemi sinni. Því er mikilvægt að tryggður verði stöðugleiki og samfella í viðveru lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks á heilsugæslustöðvum umdæmisins.**
- **Haustþing SSV leggur áherslu á að starfsumhverfi starfsfólks heilsugæslustöðva HVE sé viðunandi og standist kröfur er varðar húsnæði, tækjabúnað og hollustuhætti á vinnustað. Því fagnar haustþing þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram er varðar úttekt á húsnæði HVE á Vesturlandi. Þingið áréttar mikilvægi þess að tryggt verði fjármagn til nauðsynlegra framkvæmda við húsnæði HVE og starfsaðstaða verði eftirsóknarverð fyrir heilbrigðisstarfsfólk.**
- **Haustþing SSV leggur áherslu á að starfsstöðvar HVE séu byggðar upp með sérhæfða heilbrigðisþjónustu í huga og að tækjabúnaður og mannauður sé viðunandi fyrir heilbrigðisþjónustuna.**
- **Haustþing SSV minnir að á landfræðilegar aðstæður eru mismunandi á milli landsvæða og mikilvægt er að standa vörð um heilbrigðisþjónustu í dreifðari byggðum sveitarfélaga.**
- **Haustþing SSV fagnar undirritun samstarfsyfirlýsingar HVE og SSV með þátttöku heilbrigðisráðherra í Stykkishólmi 14. ágúst 2025. Þingið áréttar mikilvægi þess að tryggt verði fjármagn til að markmið samstarfsyfirlýsingarinnar ná fram að ganga og íbúar á Vesturlandi njóti öruggrar og öflugrar heilbrigðisþjónustu.**

Samstarf SSV og HVE markar mikilvægt skref í átt að eflingu heilbrigðisþjónustu á Vesturlandi. Með undirritun samstarfsyfirlýsingarinnar í Stykkishólmi 14. ágúst 2025 hefur verið lagður grunnur að nánara samstarfi sveitarfélaga, HVE og ráðuneytisins um að gera starfsaðstöðu og búsetu á Vesturlandi að eftirsóknarverðum kosti fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Þá hefur úttekt á húsnæði HVE þegar farið fram og sýnt fram á brýna þörf fyrir úrbætur.

Haustþing SSV telur nauðsynlegt að tryggt verði fjármagn til að ráðast tafarlaust í framkvæmdir svo íbúar á Vesturlandi hafi áfram aðgang að öruggri og öflugri heilbrigðisþjónustu. Samstarfsyfirlýsingin felur jafnframt í sér skýra framtíðarsýn um að jafnræði íbúa óháð búsetu verði virt og að Vesturland verði leiðandi í því að skapa góðar starfsaðstæður, nýta tækifæri til fjarheilbrigðisþjónustu og byggja upp trausta þjónustu til framtíðar.

- **Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að efla sérfræðiþjónustu á sjúkrahúsum á Vesturlandi, svo sem sjúkrahússins á Akranesi og á háls- og bakdeild HVE í Stykkishólmi.**
- **Haustþing SSV áréttar mikilvægi þess að virkja og efla þá verðmætu þekkingu og mannauð sem heilbrigðisstofnanir á Vesturlandi búa yfir og að skapa þeim tækifæri til að taka að sér sérverkefni með tryggu fjármagni. Þá er brýnt að tryggt verði að ívilnanir vegna námslána verði veittar til að laða að starfsfólk með sérþekkingu til starfa og búsetu á Vesturlandi, þannig að heilbrigðisþjónustan á svæðinu verði öflug, sjálfbær og eftirsóknarverð fyrir bæði starfsfólk og íbúa.**

Stofnunin hefur farið ýmsir leiðir til þess að bregðast við vandanum og sumar skilað árangri. Í nútíma samfélögum þá er ekki nóg að geta boðið starfsfólki áhugaverð störf með ásættanlegum launum. Það þarf oft meira til. Það eru ýmsir innviðir sem þurfa að vera til staðar þegar fólk velur sér búsetu, þættir sem viðkomandi stofnun stýrir ekki en eru í höndum sveitarfélaga eða ríkisins. Vegna þessa hafa HVE og SSV ákveðið að taka höndum um saman og vinna í sameiningu að því að laða að aukinn mannauð og gera starfsstöðvar HVE og búsetu á Vesturlandi að eftirsóknarverðum valkosti. Þannig verði stuðlað að því að auðveldara verði að ráða heilbrigðisstarfsfólk til starfa á Vesturlandi.

Haustþing SSV ítrekar ánægju sína með opnun liðskiptaseturs við Sjúkrahúsið á Akranesi og hvetur stjórnvöld til að fullnýta afkastagetu setursins. Einnig verði kannaðir möguleikar á því að efla starfsemina enn frekar og nýta þau tækifæri sem eru til staðar á öllu Vesturlandi.

Við Heilbrigðisstofnun Vesturlands í Stykkishólmi er starfrækt bakdeild sem sinnir á landsvísu sjúklingum með bakvandamál. Eftirspurn eftir þjónustunni hefur verið mikil. Húsakostur heilbrigðisstofnunarinnar er vannýttur og gefur tækifæri til að efla bakdeildina. Tryggja þarf fjármagn til reksturs bakdeildarinnar þannig að deildin geti eflst enn frekar og mætt þeirri eftirspurn sem er eftir þjónustu hennar. Á sama tíma er nauðsynlegt að ráðast í endurhönnun og uppbyggingu á 4. hæð St. Fransiskusspítala til þess að skapa bakdeildinni aðstöðu til að sinna sinni þjónustu og bæta aðbúnað þjónustuþega. Þannig mætti stytta biðlista um þjónustu sem öllum landsmönnum stendur til boða.

- **Haustþing SSV skorar á heilbrigðisyfirvöld að efla enn frekar upplýsingatækni í þágu heilbrigðisþjónustu á Vesturlandi s.s. 1700 símans og Heilsuveru sem auðveldar aðgengi almennings að heilbrigðisþjónustu og tryggir örugga og rétta þjónustu heilbrigðiskerfisins. Áréttað er mikilvægi þess að þær tæknilausnir sem til eru og eru í þróun tali saman til hægðarauka fyrir notendur og starfsfólk. Haustþing minnir á í því samhengi að verkefni Heilsuveru**

sé ekki til þess að auka á álag á heilbrigðisstofnanirnar og að fjármagn fylgi verkefnum sem þeim eru sett fyrir.

- **Haustþing SSV hvetur til að umboðsmannakerfi sé komið á fyrir skjólstæðinga notenda Heilsuveru. Jafnframt að niðurstöðum úr rannsóknum sérfræðinga á höfuðborgarsvæðinu sé miðlað skilvirkt á Heilsuveru til að draga úr ferðum skjólstæðinga af landsbyggðinni til höfuðborgarinnar.**

Haustþing SSV hvetur heilbrigðisyfirvöld til að nýta þau tækifæri sem liggja í tækninýjungum á sviði fjarheilbrigðisþjónustu, byggja upp og koma sem fyrst í gagnið fjölbreyttri þjónustu á Vesturlandi. Með því mætti stíga skref til að jafna aðgengi að heilbrigðisþjónustu, í samræmi við skyldur heilbrigðisstofnana skv. 5. gr. reglugerðar nr. 1111/2020, um heilbrigðisumdæmi og hlutverk, starfsemi og þjónustu heilsugæslustöðva, heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa.

Haustþing SSV hvetur jafnframt heilbrigðisráðherra, sem yfirmann heilbrigðismála í landinu, heilbrigðisstofnanir landsins og aðrar stofnanir ráðuneytis heilbrigðismála til að nýta fyrirliggjandi tækifæri í upplýsingatækni og stafrænum lausnum. Þannig mætti koma á aukinni samvinnu, teymisvinnu og samskiptum heilbrigðisstarfsfólks til að mannauður og sérfræðipækking nýtist betur í þágu heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Með sama hætti megi bæta aðgengi sjúklinga að sérfræðiþjónustu og annarri heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.

Nú þegar hafa áfangasigrar unnist í frampróun stafrænna lausna, auk þess sem snjalllausnir á sviði heilbrigðisþjónustu hafa komið fram. Dæmi um það má nefna lausnir varðandi lyfjagjöf fyrir eldra fólk, heimaviðtöl hjúkrunarfræðinga í gegnum fjarfundabúnað, heilsuvera.is og fleira.

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að auka fjárveitingar til geðheilbrigðismála. Mikið vantar uppá að íbúar njóti viðunandi þjónustu í málaflökknum og erfiðlega hefur gengið að ráða fagfólk til starfa við að sinna geðheilbrigðismálum. Haustþing SSV hvetur til áframhaldandi fjárframlaga og að starfsemin í málaflökknum verði þróuð í samráði við sveitarfélögin og horft verði til stafrænna lausna í þeirri vinnu.**
- **Haustþing fagnar þeim áfanga að boðið sé uppá sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum þar sem slíkri þjónustu hefur verið komið á, en skorar á að allir framhaldsskólar fái fjárveitingu til að bjóða uppá þjónustuna.**
- **Haustþing SSV lýsir þungum áhyggjum vegna langra biðlista og óviðunandi biðtíma barna með fíkn, - andlega og/eða geðrænan vanda eftir sálfræði- og geðheilbrigðisþjónustu, og meðferðarúrræða þar**

sem við á. Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að grípa til aðgerða tafarlaust til að bæta þar úr t.d. með stafrænum lausnum.

Í lýðheilsuvísunum Landlæknisembættisins fyrir Vesturland árið 2025 kemur fram að 33,7% íbúa telur andlega heilsu sína sæmilega eða lélega. Í heimildum embættisins kemur jafnframt fram að fjöldi sjálfsvíga utan höfuðborgarsvæðisins hefur aukist undanfarin ár. Við á landsbyggðinni er skortur á sálfræðingum og geðlæknum sem sinna geðheilbrigðisþjónustu.

Afar mikilvægt er að standa vörð um andlega heilsu og bjóða viðunandi þjónustu fagfólks í greininni.

- **Haustþing SSV fagnar því að komið er að stofnun Farsældarráðs Vesturlands skv. 5. grein laga um Samþætta þjónustu í þágu farsældar barna og væntir farsællrar samvinnu allra viðkomandi. Á sama tíma skorar haustþing SSV á ríkisvaldið að tryggja að umsýslu Farsældarráðs Vesturlands verði haldið miðlægt og verkefnið falli ekki á sveitarfélögin**
- **Haustþing SSV leggur áherslu á að öll þjónusta og eftirlit við meðgöngu, fæðingar og sængurlegu séu sem mest í heimabyggð mæðra og nýbura. Þá er átt við heimaþjónustu ljósmæðra, t.a.m. mæðra- og nýburaeftirlit og aðgengi að læknum á öllu þjónustu-svæðinu, m.t.t. ólíkra þarfa og búsetu foreldra. Þetta á einnig við um foreldrafræðslunámskeið HVE.**

Málefni aldraðra

- **Haustþing SSV lýsir þungum áhyggjum yfir því hvernig mál hafa þróast er varðar rekstur hjúkrunar- og dvalarheimila. Haustþing SSV leggur þunga áherslu á að óvissu í málaflokknum séu eytt hið fyrsta og samningar varðandi húsnæðismál séu kláraðir tafarlaust. Jafnframt að viðunandi þjónusta við heimilisfólk sé tryggð, til að mynda með aðgengi að fagmenntuðu starfsfólki, svo sem iðju- og sjúkraþjálfara og hjúkrunarstarfsfólki.**

Nýtt fyrirkomulag húsnæðismála hjúkrunarheimila byggir á tillögum vinnuhóps frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og heilbrigðisráðuneytinu sem hafði það verkefni að endurskoða fyrirkomulagið. Í skýrslu vinnuhópsins er lagt til að samstarfi ríkis og sveitarfélaga við uppbyggingu hjúkrunarheimila verði hætt og að ríkissjóður beri framvegis einn ábyrgð á fjármögnun vegna byggingar hjúkrunarheimila sem og rekstri hjúkrunarrýma. Samkvæmt þessum áformum mun ríkið hins vegar ekki sjá um að byggja hjúkrunarheimili heldur leigja þau í þess stað af aðilum sem sérhæfa sig í byggingu og rekstri fasteigna. Samhliða því að létta kostnaði af sveitarfélögum verða

gerðar breytingar á tekjustofnum þeirra sem samsvara lægri kostnaði þeirra í kjölfarið á breyttu fyrirkomulagi.

Þá þarf að gera breytingar á lögum sem tengjast heilbrigðisþjónustu til að endurspegla þetta breytta fyrirkomulag á kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga við öflun á húsnæði undir hjúkrunarrými. Einnig þarf að skoða breytingar á Framkvæmdasjóði aldraðra, hvort hann verði lagður niður eða aðlagður breyttu fyrirkomulagi. Nýtt fyrirkomulag gerir ráð fyrir að fjármögnun hjúkrunarheimila byggji á skýrri aðgreiningu á rekstri húsnæðis annars vegar og hjúkrunarþjónustu hins vegar. Samningar um rekstur þjónustu á hjúkrunarheimilum verði almennt gerðir til 10 ára í stað 5 ára, eins og nú er, til að auka rekstraröryggi og áætlanagerð til lengri tíma. Fasteignafélögum og öðrum sérhæfðum aðilum verði gefið tækifæri til að byggja og reka fasteignir hjúkrunarheimila á grundvelli útboða sem leiði til hagstæðustu útkomu að teknu tilliti til gæða og kostnaðar. Ákvörðun um fjölda rýma í nýjum hjúkrunarheimilum byggist almennt á þjónustupörf og rekstrarhagkvæmni þar sem lágmarksfjöldi hjúkrunarrýma er skilgreindur og eftirspurn er til staðar. Leigusamningar um afnot og viðhald húsnæðis hjúkrunarheimila gildi í 20 til 30 ár. Tekið verði upp staðlað fyrirkomulag þar sem greidd er leiga í formi nýs húsnæðisgjalds fyrir afnot af rýmum undir eiginlega hjúkrunarstarfsemi. Við ákvörðun leiguverðs verður lagt mat á gæði hvers hjúkrunarheimilis út frá þeim viðmiðum sem gilda um byggingu hjúkrunarheimila. Eignunum verður þá ráðað í gæðaflokka með fyrirfram skilgreindu leiguverði eftir því hvernig eignin uppfyllir gæðastuðla. Eigendum fasteignanna verður gefinn kostur á að ráðast í endurnýjun eða endurbætur á eigninni til að komast upp um gæðaflokka sem leiða til hærri leiguverðs.

- **Haustþing SSV leggur áherslu á að efla þjónustu við eldra fólk á Vesturlandi með fjölgun hjúkrunarrýma, sérhæfðrar dagdvalarrýma, almennrar dagdvalar- og hvíldarrýma. Núverandi úrræði anna ekki eftirspurn og biðlistar eru langir. Þingið hvetur til samþættrar heima- og heimahjúkrunarþjónustu auk sveigjanlegrar dagdvalar. Haustþing SSV lýsir áhyggjum af því að fólk sem þarf að nýta slíka þjónustu er að yngjast og oft skortir úrræði fyrir yngra fólk sem þarf slíka þjónustu. Mikilvægt er að bregðast við þörfum þess hóps.**

Rökstuðningur fyrir ályktun haustþings SSV byggir á ítarlegri greiningu á stöðu og framtíðarþörf þjónustu við eldra fólk á Vesturlandi. Niðurstöðurnar sýna skýrt að núverandi þjónusta nær ekki að mæta eftirspurn. Langir biðlistar eftir hjúkrunarrýmum, skortur á dagdvöl og hvíldarinnlögnum og takmörkuð endurhæfing skapa mikla byrði á einstaklinga, aðstandendur og heilbrigðiskerfið. Sérstaklega á Akranesi og í Borgarbyggð er ástandið alvarlegt, en einnig eru öll minni sveitarfélög með áberandi skort á úrræðum.

Sveitarfélögin eru samhljóma um að samþætting heimaþjónustu og heimahjúkrunar sé nauðsynleg til að tryggja heildstæða þjónustu og nýta betur þann mannauð sem þegar starfar á svæðinu. Með samþættri þjónustu verður unnt að samræma og bæta nýtingu fjármuna, tryggja samfellu í þjónustu og styðja fólk til að

búa lengur heima við öruggar aðstæður. Einnig kemur skýrt fram þörf fyrir kvöld-, helgar- og akstursþjónustu sem hluta af slíku kerfi, auk aukinnar sérhæfingar í dagdvölum fyrir fólk með heilabilun.

Öll sveitarfélög á Vesturlandi eru aðilar að verkefninu Gott að eldast ásamt HVE og hjúkrunarheimilunum. Áhersla er lögð á að próa þjónustuna í takt við markmið verkefnisins Gott að eldast, þar sem sameinuð félags- og heilbrigðisþjónusta er loka markmiðið. Með fjölgun hjúkrunar- og dagdvalarrýma, uppbyggingu hvíldar- og endurhæfingarrýma og aukinni samþættingu þjónustu skapast grundvöllur fyrir sjálfbært, skilvirkt og mannúðlegt þjónustukerfi fyrir eldra fólk á Vesturlandi, sem stuðlar að auknu öryggi, bættum lífsgæðum og virðingu fyrir lífshlaupi hvers einstaklings.

Haustþing SSV vekur athygli á að á Íslandi greinast árlega um 20 einstaklingar undir 65 ára með heilabilun og um 10% þeirra sem fá Parkinsonsveiki eru undir 50 ára aldri. Þótt langtímatölur skorti benda fyrirbyggjandi upplýsingar til þess að hópur yngra fólks með þessa sjúkdóma sé að verða sýnilegri og fjölbreyttari.

Brýnt er að efla sértæk úrræði fyrir þennan hóp, þar á meðal endurhæfingu, félagslega og fjölskyldutengda þjónustu og búsetuúrræði sem hæfa ungu fólki á miðjum starfs- og fjölskyldualdri. Slík nálgun tryggir heildstæða þjónustu og bætt lífsgæði bæði einstaklinga og aðstandenda.

- **Haustþing SSV ítrekar fyrri áskoranir um að ríkið aflétti innheimtuhlutverki hjúkrunar- og dvalarheimila á dvalarkostnaði hluta heimilisfólks síns. Innheimta fari fram innan þess kerfis sem hefur verið próað hjá Skattinum undanfarin ár.**

Samkvæmt reglum Sjúkratrygginga/Tryggingastofnunar þarf sumt heimilisfólk á hjúkrunar- og dvalarheimilum að taka þátt í dvalarkostnaði sínum. Hefur sá háttur verið hafður á að hjúkrunarheimilunum hefur verið gert að innheimta umrædda kostnaðarhlutdeild beint af heimilisfólki sínu. Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að aflétta þessu innheimtuhlutverki af hjúkrunar- og dvalarheimilum og koma þessu verkefni fyrir innan þess kerfis sem Skatturinn hefur próað á undanförunum árum.

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja áfram fjármagn og taka þátt í þeim aðgerðum sem lúta að samþættri öldrunarþjónustu á Vesturlandi í gegnum verkefnið „Gott að eldast“ en sveitarfélögin á Vesturlandi taka þátt í verkefninu undir regnhlíf SSV. Mikilvægt er að skoðað og metið verði sérstaklega umfang þróunarverkefnis sveitarfélaganna og HVE á Vesturlandi og tekið tillit til þess við úthlutun fjármagns.**
- **Haustþing SSV áréttar mikilvægi þess að notendum heimahjúkrunar og heimaþjónustu sé ekki mismunað á grundvelli búsetu í dreifðari byggðum og að öllum íbúum sé tryggð viðunandi þjónusta og horft verði til nýsköpunar- og tæknilausna á sviði öldrunarþjónustu í því samhengi.**

Þjóðin er að eldast og eldra fólk er virkara og hraustara en nokkru sinni fyrr. Í því felst ekki einungis áskorun heldur einnig tækifæri. Þjónusta við eldra fólk þarf að þróast í takt við þetta. Sú vegferð er nú hafin undir

heitinu Gott að eldast. Stjórnvöld taka þar utan um málefni eldra fólks með nýjum hætti. Grunnhugsunin er sú að eldra fólk er ekki byrði á samfélaginu heldur hefur það ótvírætt virði, sé virði en ekki byrði.

Meginþungi aðgerða liggur í þróunarverkefnum sem ganga út á að flétta saman þjónustuna, með því að finna góðar lausnir sem samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk. Með því að flétta saman þá þætti sem ríkið sér annars vegar um og hins vegar sveitarfélögin. Sömuleiðis verður ráðist í aðgerðir sem hverfast um heilbrigða öldrun með alhliða heilsuefningu, sveigjanlega þjónustu og stórbættan aðgang að ráðgjöf og upplýsingum um þjónustu fyrir eldra fólk.

Allar aðgerðir miða að því að tryggja virkara og heilsuhraustara eldra fólki þjónustu sem stuðlar að því að sem flest þeirra séu þátttakendur í samfélaginu – sem allra lengst.

- **Haustþing SSV fagnar jákvæðri þróun og vitundavakningu í lýðheilsumálum eldri borgara. Víða um Vesturland hafa verið byggðar upp þjónustumiðstövar fyrir eldra fólk auk þess sem lýðheilsuefandi verkefni eru starfandi með góðum árangri. Haustþing SSV áréttar mikilvægi þess að vinna áfram að aukinni vitundarvakningu og þátttöku eldri borgara í lýðheilsuverkefnum. Jafnframt er mikilvægt að Heilbrigðisstofnun Vesturlands og sveitarfélögin eigi með sér gott samstarf um þessa þjónustu, og að nauðsynlegt er að mæta fjölbreyttum hópi eldra fólks með mismunandi þarfir og getu.**

Haustþing SSV bendir á að samkvæmt Heilbrigðisstefnu Evrópu er lögð áhersla á grunngildi sem m.a. hvetja til þess að stutt sé við heilsuefningu á öllum æviskeiðum. Stefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030 tekur mið af þeirri áherslu, þar sem tiltekið er að heilsuefning eldra fólks eigi að vera sérstakt forgangsmál í ljósi þess hve mikill ávinningur er í því fólgin. Haustþing SSV beinir því til heilbrigðisyfirvalda að styðja við það mikilvæga forvarnastarf sem sveitarfélögin sinna í heilsuefningu eldra fólks, hvort sem er með fjárhagslegum stuðningi eða með því að heilbrigðisþjónustan, sérstaklega heilsugæslan, taki virkari þátt í þessu starfi.

Málefni fatlaðra og fólks með skerta starfsgetu

- **Haustþing SSV áréttar mikilvægi þess að tryggja áframhaldandi og skýra framvindu í málefnum barna og ungmenna með fjölþættar fatlanir. Enn ríkir óvissa um ákveðna þætti, þó margt sé komið í farveg sem styður við áframhaldandi vinnu. Þingið hvetur til þess að greiðslur til sveitarfélaga verði endurskoðaðar þannig að þær berist reglulega yfir árið í stað þess að koma eingöngu í lok árs, þar sem slíkt hefði jákvæð áhrif á rekstrarstöðu minni sveitarfélaga. Jafnframt er lögð áhersla á að tekið sé tillit til staðbundinna aðstæðna á landsbyggðinni við framkvæmd verkefnisins. Þá sé brýnt að tryggja**

samfellu í þjónustu við börn og ungmenni sem ná 18 ára aldri en hafa áfram sömu þjónustupörf.

Haustþing SSV lýsir yfir áhyggjum af sívaxandi rekstrarhalla í málaflökki fatlaðs fólks og stöðu sveitarfélaganna eftir að ábyrgð málaflokksins færðist á þau frá ríkinu fyrir rúmum áratug.

Í áfangaskýrslu á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins frá 2024 kemur fram að það eru stórar áskoranir sem sveitarfélög standa frammi fyrir þegar kemur að þjónustu við fatlaða einstaklinga. Samband íslenskra sveitarfélaga hélt upplýsingafund um stöðu mála í málaflokknum þann 27. júní sl. þar sem fram kom að enn er marga óljóst þó að annað sé komið í farveg. Það kemur glöggst fram í lögum og reglugerðum varðandi þjónustuna, auk þess sem væntingar eru um að þjónustan eigi að mæta öllum stuðningsþörfum notenda. Þessir þættir setja verulega og viðvarandi þrýsting á útgjöld sveitarfélaga til þjónustunnar. Með þessu má leggja það mat á að ríkið viðurkenni hnökra við breytingar á lögum, reglugerðum og stjórnskipun málaflokksins. Brýnt er að lagfæra þessa hnökra, eyða óvissu er varðar rekstur sveitarfélaga svo ekki komi niður á þjónustu fatlaðs fólks hjá sveitarfélögunum.

Með lögum nr. 38/2018 voru felld niður skilyrði um að 8000 íbúar standi að baki hverju þjónustusvæði. Breyting á þjónustusvæðum hefur að mörgu leyti einfaldað fyrirkomulag og stjórnun málaflokksins. Eftir sem áður er mikilvægt að sveitarfélögin eigi með sér gott samstarf um þjónustu við fatlað fólk.

- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld og vinnumarkaðinn að fjölga starfstækifærum fólks með skerta starfsgetu.**

Fyrirtæki og stofnanir í atvinnurekstri hafa notið góðs af starfskröftum fólks með skerta starfsgetu. Haustþing SSV telur brýnt að stefnt verði sérstaklega að fjölgun atvinnutækifæra fyrir fatlað fólk og fólk með skerta starfsgetu. Ávinningurinn fyrir þennan samfélagshóp er mikill og eykur á lífsgæði fólks með skerta starfsgetu og fatlanir, sem fær tækifæri til að taka þátt í samfélaginu.

- **Haustþing SSV fagnar nýju samkomulagi sem snýr að því að ríkið tryggi börnum og ungmennum með fjölpættan vanda viðunandi heilbrigðisþjónustu fjármagnaða af ríkinu. Mikilvægt er að horfa til þess að þjónustan og stuðningurinn verði aðgengilegur öllum, t.d. óháð búsetu og að horft verði til þess að meta þörfina hverju sinni, með farsæld barna og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi.**

Öll börn eiga rétt á áhyggjulausri æsku og heilbrigðu líferni. Þar af leiðandi er brýnt að börn með fjölpættan vanda fái þá þjónustu sem þeim hentar til að ná þeim markmiðum.

Fjölpættur vandi getur falist í andlegum veikindum, hegðunarvandamálum, fötlun og fleiru, sem krefst sérhæfðrar þjónustu og stuðnings, sem sveitarfélögunum er gert að sinna og bera kostnað af. Sá kostnaður getur hlaupið á tugum milljóna króna við hvern einstakling og getur reynst sveitarfélögunum þungur baggi að bera. Því er afar brýnt að ríkið tryggi fjármagn til barna með fjölpættan vanda svo að hægt sé að bjóða þeim viðunandi aðstoð.

Í áfangaskýrslu II á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins frá september 2024 er lagt til að börn með fjölpættan vanda, sem falla undir þjónustustig 3 verði á ábyrgð ríkis, en börn á þjónustustigi 1 og 2 á ábyrgð sveitarfélaga. Mikilvægt er að þessi tillaga hljóti framgang.

Þegar börn hafa farið í gegnum greiningarferli og greining liggur fyrir ætti að skapast ákveðinn fyrirsjáanleiki varðandi þarfir barns og fjölskyldu þess. Það ætti því að vera hægt að horfa til greiningarinnar strax og nýta hana til þess að horfa til framtíðar og varða leiðina að farsæld barnsins. Greinileg tækifæri eru fyrir hendi til að nýta það starf sem þegar er hafið er snýr að farsæld barna, og bregðast við með fyrirbyggjandi aðgerðum barninu og fjölskyldunni til heilla.